



„Lofsvert lagnaverk 2016“ Í húsi Alvotech



Handhafar viðurkenningar „Lofsvert lagnaverk“ 2016

***Lagnatækni, Verkís, Efla, Rafmiðlun, Blikksmiðja Einars,
Blikksmiðurinn, Ísloft, Karl Magnússon, GH. Lagnir, Vélsmiðja
Þorgeirs, M+W Process Industries GmbH, Alvotech.***

Ávarp

Jón Sigurjónsson formaður Lagnafélags Íslands, flutt í tilefni af afhendingu viðurkenningar „Lofsvert lagnaverk 2016“, í boði forseta Íslands hr. Guðna Th. Jóhannessyni að Bessastöðum, þann 22. maí 2017.

Forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson, góðir gestir.

Það er sérstaklega ánægjulegt að koma hingað á Álftanesið á þessum (fallega) vordegi til að samfagna þeim lagnamönnum, sem í dag hljóta viðurkenningu Lagnafélags Íslands fyrir lofsvert lagnaverk ársins 2016. Að þessu sinni er verkið sem tilnefnt er óvenju flókið og afburða vel af hendi leyst að mati dómnefndar félagsins.

Lagnafélag Íslands fagnaði 30 ára afmæli sínu með ráðstefnu sem haldin var í sal Orkuveitu Reykjavíkur þann 17. nóvember í fyrra, þar sem mörg erindi voru flutt um innivist og lagnamál ýmis konar. Þar kom meðal annars fram í máli fyrirlesara:



Jón Sigurjónsson

- Að íslenskir iðnaðar- og tæknimenn eru í fremstu röð og geta byggt upp lagnakerfi á heimsmælikvarða.
- Að fagræð Lagnafélags Íslands hefur árlega frá stofnun félagsins haldið ráðstefnur um ýmiss málefni fyrir félagsmenn sína.
- Að Lagnafélag Íslands hefur tekið virkan þátt í norrænni samvinnu um langt árabil.
- Að inniloft, innivist og loftræsing eru samofin hugtök sem tengjast ótvírætt starfi lagnamanna.
- Að neysluvatn okkar Reykvíkinga er hreint og heilsusamlegt án íblöndunar nokkurra efna.



Auk margra annarra áhugaverðra umfjöllunarefna.

Húsnæðismál eru um þessar mundir algengt umræðuefni. Nokkuð áberandi er sú skoðun að byggja eigi smátt, ódyrt og draga úr opinberum kröfum til íbúðarhúsnæðis. Það virðist gleymast að þessar kröfur eru gerðar til að auka gæði húsnæðisins en ekki eingöngu til að auka kostnað. Rökstyðja má að við Íslendingar dveljumst sífellt lengur innanhúss við leik og störf og þurfum því að miða gæði húsnæðisins við að



innivera sé yfir 80 % af ævitímanum hjá okkur flestum.

Það húsnæði sem við eigum í dag er og verður uppistaðan í húsnæði landsmanna næstu hundrað árin því að endurnýjun húsnæðis og nýbyggingar er afar hæg.

Til að forðast óheilsusamlegt húsnæði þarf að breyta uppbyggingu og auka loftræsingu íbúðarhúsnæðis t.d. með vélrænni loftræsingu. Þvertækni- leg kunnátta er til staðar til að geta

komið í veg fyrir myglu, fúa og óheilsusamt húsnæði og á þeim vettvangi þurfa lagnamenn að láta meira til sín taka.


Góð innivist er ekki bara háð hita og raka í húsnæðinu heldur koma fleiri þættir til sem stýra upplifun okkar á inniaðstæðum. Nefna má þætti eins og lýsingu, hljóðvist, efnauppgufun frá byggingarefnum og fleiri atriði sem huga þarf að.

Sum baráttumál lagnamanna eru erfiðari en önnur og er barátta Lagnafélagsins fyrir innleiðingu Lagnahandbókar hússins dæmi um ótrúlega erfitt og seinunnið málefni sem þó horfir til hagsbóta fyrir bæði eigendur og alla íbúa, þótt enn hafi ekki tekist að þoka því alla leið.

Nokkuð umfangsmiklar breytingar eru nú að verða á eftirliti og stjórnslu byggingaframkvæmda. Stefnt er að því að innra eftirlit fyrirtækja verði stóraukið og úttektir fari fram í umsjón byggingarstjóra án beinnar aðkomu embættismanna. Rafrænt verða svo úttektirnar skráðar í rauntíma hjá Mannvirkjastofnun. Vonandi á þetta kerfi eftir að reynast vel og minnka skrifræði og kerfisefirlit.

Nóg um þetta að sinni.

Ég vil að lokum þakka öllum viðstöddum fyrir að koma og fagna með okkur og þeim aðilum sem hljóta verðskuldaðar viðurkenningar Lagnafélags Íslands fyrir hönnun og útfærslu flókins lagnakerfis Alvotech.



Ávarp

Pórður Ó. Búason formaður Viðurkenningarnefndar Lagnafélags Íslands, flutti ávarp í tilefni af afhendingu viðurkenningar „Lofsvert lagnaverk 2016“, í boði forseta Íslands hr. Guðna Th. Jóhannessyni að Bessastöðum, mánudaginn 22. maí 2017.

Herra forseti Íslands og aðrir lagnamenn, mörg undanfarin ár hefur forseti Íslands afhent viðurkenningar Lagnafélagsins fyrir lofsvert lagnaverk, og hefur við það skapast góð venja. Hefur forseti Íslands stutt Lagnafélag Íslands við slík og önnur hátíðleg tækifæri á ýmsum stöðum.

Við gleðjumst yfir því að forseti Íslands er lagnamaður og leggur nú til vettvang fyrir afhendingu viðurkenninga fyrir Lofsvert lagnaverk árið 2016, sem vissulega verða hvatning fyrir starfandi lagnamenn, til góðra verka.

Í viðurkenningarnefnd eru Hilmar Hjartarson, Kristján Nielsen, Ólafur Bjarnason og Þórður Búason. Fyrir nefndina starfaði að vanda Kristján Ottósson

Lagnafélagið hefur ákveðið að veita viðurkenningar til eigenda, tækniráðgjafa og iðnaðarmanna sem sáu um undirbúning, lagnir og búnað í 13000 fm höfuðstöðvar Alvogen í Evrópu og þróunarsetur líftæknilyfja hjá Alvotech á Íslandi að Sæmundargötu 15-19.

Húsnæðið er á fimm hæðum. Bílageymsla, aðföng og vöruafgreiðsla eru í kjallara. Á fyrstu hæð eru anddyri, skrifstofur og framleiðslusvæði. Á annarri hæð eru tæknirými og skrifstofur. Á þriðju hæð eru skrifstofur, rannsóknarstofur og tæknirými. Á fjórðu hæð eru skrifstofur, afþreyingarsvæði,



Þórður Ólafur Búason.





loftræstiklefi, eldhús og salur, sem skreyttur er verkum eftir ýmsa listamenn, sem gefa glæsileikanum sérstakt yfirbragð. En takið eftir, flest þessi svæði og ytri umgjörð mynda skel um framleiðslu og rannsóknarsvæðin, þar sem starfsfólk gengur um í „geimfarabúningum“.

Verkefnið er einstakt í veröld hátækni.

Búnaður, sem snýr að viðskiptamönnum, starfsfólki, tæknilegu viðhaldi, rannsóknum og framleiðslu er í sömu öryggis og gæðaflokkum og einkenna mestu hátækni fyrirtæki í veröldinni,

og er allt gert til að tryggja vellíðan þeirra, sem í húsið koma og þar starfa. Hússtjórnarkerfi í húsinu er með því flóknasta sem þekkt og stýringar og eftirlitsbúnaður alls sem gerist í þróunarsetrinu er í afkastamiklum tölum.

Vegna mikillar kröfu um hreinleika er þróunarsetrinu skipt í sérstök rými, – „heima“ - , sem tengjast ekki, en snerta hver frá sinni hlið ýmis tæki framleiðslu- og rannsóknarstarfs. Þannig er viðhaldi tækjabúnaðar sinnt í sérstökum „heimi,“ án þess að trufla aðra „heima“, þar sem hreinlætiskröfur eru meiri.

Loftræstikröfur eru í mörgum gæðaflokkum, fyrir mismunandi „heima“, rannsóknarstofur og framleiðslusvæði. Vegna þess eru stýringar hitastigs og raka mjög flóknar. Ferskloftinnblástur er sem svarar til 2 til 6 loftskipta á klukkustund í öllu húsinu, mismunandi eftir svæðum, en innblástur hreinsaðs andrúmslofts er 6 til 32 loftskipti á klukkustund fyrir viðkvæmstu svæðin. Ástæða er til að vekja athygli á því umfang stjórnkerfa er og samvirki vandasamt verkefni.

Ýmis lagnabúnaður þjónar framleiðslu- og rannsóknarstofum. Flytja þær lagnir nauðsynleg efni að vinnusvæðum. Eru þar tugir vökvu og loftteygunda með mismunandi eiginleikum og hitastigi, sem dreifast með sérstökum lögnum frá geymum í kjallara að notkunarstöðum. Kerfi með ofurkældu fljóttandi köfnunarefni, sem flutt er í ryðfríum stálþípum og síðan er þar utan um ytri pípa, sem einnig er úr ryðfríu stáli og lofttæmi á milli, til einangrunar, er einstakt í augum okkar.

Kalt og heitt vatn og neysluvatn er flutt um húsið í mörgum mismunandi kerfum auk vatnsúðakerfis til brunavarna.

Frárennsliskerfi hússins eru einnig mörg og er þar haldið lægri loftþrýstingi, en er í öllum „heimum“, sem kerfin þjóna til þess að hindra „mengun“ að og milli rýma. Kerfin mæta vel kröfum vegna umhverfis.

Raforka er tryggð, um 11kV tengistöð og spennu, auk þriggja sérstakra spennu og vararafstöðvar.

Frábært rými er umhverfis lagnir og tæki og fyrir aðgang til þjónustu og viðhalds.



Fremstu ráðgjafar í Evrópu á sviði líftækni hafa lagt á ráðin um fyrirkomulag, sem íslenskir ráðgjafar og iðnaðarmenn hafa fylgt eftir, þróað og útfært, hver á sínu sviði.

Eigendur og margir af tækniráðgjöfum og iðnaðarmönnum hafa starfað saman í hátækni-verkefnum í meira en 20 ár og bera allir hlutir því vitni að þar styður hver annan til góðra verka.

En hér hefur verið farið fljótt yfir sögu.

Húsið er hið glæsilegasta og hefur þegar vakið athygli á Háskólasvæðinu, gefur tilefni til heillaóska og tilefni til að gleðjast með þeim, sem þar hafa unnið vandað verk.



Svipmyndir frá afhendingu viðurkenningar „Lofsvert lagnaverk 2016“ Við hátíðlega athöfn að Bessastöðum í boði Forseta Íslands 22.maí 2017







Skýrsla formanns viðurkenningarnefndar „Lofsvert lagnaverk 2016“

flutt af Þórði Ó. Búasyni á aðalfundi félagsins mánudaginn 29. maí 2017

Viðurkenningarnefnd skipa eins og mörg undanfarin ár iðnmeistarar og tækniamaður, þeir Hilmar Hjartarson pípulagningamaður, Kristján Nielsen rafvirki, Ólafur Bjarnason blikksmiður og Þórður Ólafur Búason verkfræðingur. Fyrir nefndina starfaði að vanda spunameistari Lagnafélagsins Kristján Ottósson.

Undanfarin ár hefur forseti Íslands afhent viðurkenningar Lagnafélags Íslands fyrir lofsverð lagnaverk. Tilnefningar hafa verið hvatning fyrir starfandi lagnamenn til góðra verka.

Að þessu sinni barst ábending frá ráðgjafa um Hátækniþróunarsetur lyfjafyrirtækjanna Alvogen og Alvotech í lífefnatækni, sem fékk vegna ótvíræðrar sérstöðu, viðurkenningu félagsins árið 2016 fyrir faglegan undirbúning, lagnir og háþróaðan búnað. Afhending viðurkenninga fór fram að Bessastöðum við hátíðlega athöfn, í boði forseta Íslands herra Guðna Th. Jóhannessonar en flest ár hefur viðurkenning verið afhent á verkstað.



Þórður Ólafur Búason.

Hið 13,000 fermetra hátækniþróunarsetur líftæknilyfja er eitt hið fullkonnasta sem reist hefur verið á þessu sviði á heimsvísu sem fjölmennt og öflugt teymi innlendra og erlendra ráðgjafa hefur unnið að í undirbúningi og á framkvæmdatímanum. Hátækni-setrið er bæði flókið og afar háþróað mannvirki með rannsóknarstofum, skrifstofum og sérhæfðu framleiðsluvæði sem við í viðurkenningarnefndinni höfum talið líkja megi við lifandi veru þar sem skel utan um viðkvæman líkama með líffærum með flókin hlutverk starfa hvert að sínu verki.

Þessum líkama er þjónað af tauga og æðakerfi sem flytur boð og margar tegundir efna, allt frá fljóttandi köfnunarefni í ryðfríum stálpípum í lofttæmdri umgjörð, yfir í lagnir fyrir heitt vatn og gufu við hátt hitastig, ásamt ótöldum lofttegundum. Fimm iðnaðartölvur móttaka boð eða stýra búnaði um 4000 inn og útganga sem fylgst er með á 40 skjámyndum og síðan eru ca. 80 mismunandi loftstokka og pípulagnakerfi, af sumum tegundum mörg með mismunandi hlutverk og því ca. 400 kerfi alls.

Sjálfir álitu ráðgjafar að best væri þessu lýst með líkingu við alheiminn þar sem margir mismunandi heimar nánast hver á sinni stjörnu hafa viðfangsefni sem ekki mega blandast og eru því aðskildir án samgangs nema með hliðstæðu við geimferð milli stjarna það er að segja farið er gegnum milli stúku þar sem svo erum hnútana búið að engin mengun berst milli „heimanna“.

Einn þessara „heima“ er aðgangur tæknimanna vegna viðhalds alls tækjabúnaðar sem er óháður aðgangi notenda tækjanna og undirstrikar hversu frábær aðstaða er við allar lagnir og tæki.

Nú eru um ár liðið frá formlegri opnun hátækniisetsursins og góð reynsla er komin á hönnun og framkvæmd hússins sem þykir vel heppnuð í alla staði. Þar starfa nú yfir 200 vísindamenn að þróun líftæknilyfja. Smíði og hönnun hússins er öllum sem að því komu til sóma en að baki verkinu liggur 20 ára reynsla og samstarf eigenda, ráðgjafa og iðnaðarmanna. Þeir einstaklingar sem fengu viðurkenningu eru vel að því komnir enda miklir fagmenn á sínu sviði.

Þeirra aðilar sem fengu viðurkenningu voru: Lagnatækni, Verkís, Efla, Rafmiðlun hf., Karl Magnússon, GH lagnir, Vélsmiðja Þorgríms, M+W Process Industries GmbH, Alvotech, Ísloft, Blikksmiðurinn, Blikksmiðja Einars.

Við sendum heillaóskir enn og aftur til allra sem komu að undirbúningi og byggingu hátækniþróunarseturs Alvogen og Alvotech.